

# Stærðfræði 4.bekkur

Kennarar: Hrund Malín Þorgeirsdóttir

4

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Námsefnið unnið með hópnum og einstaklingslega.

Námssvínir vinna saman að úrlausn verkefna.

Grunnatriði þjálfuð í anda vaxandi hugarfars.

Námsaðlögun

Nemendur fá verkefni miðað við eigin hæfni og getu.

Nemendur vinna á eigin hraða.

Einstaklingsbundin leiðsögn og yfirferð að loknum verkefnum - verkefni og árangur rædd í hópnum með vaxandi hugarfar sem leiðarstef.

Námsmat

Einstaklingsbundið símat með virkri endurgjöf í kennslustundum.

Farið yfir frammistöðu og árangur á samtalsdögum með foreldrum.

Notast verður við símat og leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn og notað verður námsmatskerfi úr Mentor.

Verkefni, hlutapróf, munnleg próf.

Einkunnir í formi metanlegra hæfniviðmiða sem sjá má á hæfnikorti. Gefin framvinduinkunn í lok hverrar annar.

### 4. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### 4. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Fær tækifæri til að fara eigin leiðir í lausnaleit, byggðar á eigin skilningi.
- Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölda 0 -10.000.

### 4. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Geti greint að upplýsingar og spurningu í orðadæmi og unnið markvisst að því að finna svar. Skrái myndrænt og/eða með talnatáknum.
- Þekkir táknin fyrir fermetra og fersentimetra, getur lesið úr þeim og skráð þau.
- Skilur og getur notað hugtökin neikvæð tala, tugabrot, nefnari, teljari, brotastrik og jafngild brot.
- Þekkir helstu skammstafanir í metrakerfinu m, cm, dm, mm, l, dl, ml, g, kg og sambandið á milli eininganna.
- Notar og les rétt úr merkjunum  $>$ ,  $=$ .

### 4. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Tölur og reikningur

- Getur lesið og skrifað tölur allt að 10.000.
- Getur nýtt sér að kunna summu/ mismun tveggja einingatalna ( t.d.  $8+2$ ) til að geta í fljótheitum lagt saman/ dregið frá sambærilega tugi ( $80+20$ ), hundruð ( $800+200$ ) eða þúsund ( $8000+2000$ ).
- Getur lagt saman með dreifireglu og einnig lóðréttri uppsetningu þar sem þarf að geyma.
- Getur notað dreifireglu og rúðunet til að margfalda saman tölu á milli 10 og 20 og tölu minni en 10.
- Getur nýtt sér margföldunartöfluna til að margfalda heila tugi með einingu (t.d.  $7 \cdot 30$  eða  $9 \cdot 400$ ).
- Kynnist hugtakinu tíundi hluti.
- Áttar sig á að teljari segi til um fjölda hluta af heild.
- Kann að nota vasareiknir til að framkvæma reikningsaðgerðirnar og þjálfist í að skrá það sem slegið er inn.

- Getur tekið af og bætt einingum, heilum tugum, hundruðum og þúsundum við tölur allt að 10.000.
- Getur unnið með neikvæðar tölur með hjálp talnalínu.
- Getur dregið frá lárétt og einnig lóðrétt þar sem taka þarf til láns.
- Getur skráð margföldunar- og deilingardæmi út frá myndum og orðadæmum.
- Getur beitt reikniadgerðunum fjórum við lausn orðadæma með tölum allt að 10.000.
- Getur fundið hluta af hópi út frá einföldu almennu broti.
- Þjálfist í að teikna mismunandi almenn brot.
- Getur margfaldað með tölum frá 0 - 10.
- Getur námundað að næsta þúsundi.
- Áttar sig á að hægt að fara ólíkar leiðir að sömu niðurstöðu.
- Getur í fljótheitum margfaldað hvaða heila tölu sem er með 10.
- Skilur tengsl margföldunar og deilingar og getur nýtt sér margföldunartöfluna til að deila í tölur undir 100.
- Getur raðað lágum tugabrotum í rétta stærðarröð.
- Áttar sig á að nefnari segir til um í hvað marga hluta á að skipta.
- Veit að brotastrik er eitt af deilingartáknunum.

#### 4. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Algebra

- Getur búið til talnamynstur með reiknivélinni, t.d. þegar 3 bætast við aftur og aftur ( $3 + = = =$ ).
- Getur unnið með vaxandi mynstur og spáð fyrir um fjölda í næsta skrefi.
- Getur unnið með óþekkta stærð í einföldum samlagningar- og frádráttardæmum.

#### 4. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Rúmfræði og mælingar

- Þekki hugtökin hnit, hnitakerfi, gráða, hliðrun, snúningur, ummál, fermetri, fersentimetri, desílítri, lítri og geti notað þau.
- Getur lesið rétt af hitamæli.
- Veit að hringur er  $360^\circ$  og getur reiknað hálfan hring og fjórðung úr hring.

- Getur reiknað ummál tvívíðra hluta og forma.
- Getur reiknað flatarmál réthyrninga og skráð.
- Getur bætt við og tekið klukkustundir og mínútur af uppgefnum tíma.
- Getur mælt nákvæmlega með reglustiku.
- Þekkir samband mín og sek.
- Getur búið til mynstur með því að hliðra og/eða snúa grunneiningu endurtekið.
- Getur mælt flatarmál með óstöðluðum og stöðluðum mælieiningum.
- Getur fundið flatarmál mynda með fjölbreytta lögun, með aðstoð rúðuneta.
- Getur lesið og skráð hnit punkts.
- Getur lesið rétt úr tímatöflu, s.s. tímasetningu dagskrárliða í fjölmiðlum.
- Skynji stærð m<sup>2</sup> og cm<sup>2</sup> .
- Tengir á milli margföldunar í rúðuneti og að reikna flatarmál.
- Getur breytt heilum kg og broti úr kg í g og öfugt, dl í l og öfugt og m í dm og öfugt og skráð með tugabroti.

#### 4. bekkur stærðfræði Varmahlíðarskóli - Tölfræði og líkindi

- Getur unnið einfalda rannsókn.
- Getur sett upp súlurit þar sem lesa þarf af báðum ásum.
- Getur sett upplýsingar fram í töflu.
- Getur sett upp tíðnitöflu.

## NÁMSMARKMIÐ

---

*Getur margfaldað með tölum frá 0 - 10.*

- 2x taflan
- 3x taflan
- 4x taflan
- 5x taflan
- 6x taflan
- 7x taflan
- 8x taflan
- 9x taflan

*Þekkir samband mín og sek.*

- Nemandi getur sagt hvað klukkan er

## NÁMSEFNI/GÖGN

---



Quizlet

<https://quizlet.com/join/4qf5AQR9Q>

- Almenn brot

- Margföldun

Við lok 4. bekkjar er æskilegt að allir nemendur geti margfaldað með 0-10

- Negatífar tölur og námundun

- Tími og klukka